



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2024-025U011**

Dagsetning: **9. júní 2024**

Staðsetning: **Hringvegur við Hraunsnef**

Atvik: **Framanákeyrsla**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.


Samantekt

Þann 9. júní 2024 var Mercedes Benz fólksbifreið ekið norður hringveginn, veg nr. 1 í Borgarfirði. Rétt norðan við Hraunsnef, um 3,7 km fyrir norðan Bifröst, var Toyota fólksbifreið ekið úr gagnstæðri átt. Var Mercedes Benz bifreiðinni ekið yfir á vinstri vegarhelming akbrautarinnar framan á Toyota bifreiðina í hörðum árekstri. Ökumaður Mercedes Benz bifreiðarinnar lést á slysstað en ökumaður og farþegi Toyota bifreiðarinnar slösðuðust alvarlega.

Niðurstaða fíkniefnaprófana hjá ökumanni Mercedes Benz fólksbifreiðarinnar reyndust jákvæð.

1. Helstu staðreyndir

1.1 Staðsetning



Mynd 1. Slysið varð skammt norðan við Hraunsnef í Borgarfirði.

1.2 Helstu upplýsingar

Látinn:

24 ára karl.

Veður og birta:

Hiti um 12°C, bjart og þurrt.

Vegur:

Bundið slitlag (klæðing) og þurr vegur. Hámarkshraði 90 km/klst. Meðaltalsumferð á sólarhring (ÁDU) var 2300 ökutæki árið 2024.

Tími sólarhrings:

Tilkynnt klukkan 20:46.

Ökutæki:

Mercedes Benz CLK 230, nýskráð árið 1998, og Toyota Land Cruiser 150, nýskráð árið 2016.

1.3 Atvikalýsing

Mercedes Benz fólksbifreið var ekið til norðurs veg nr. 1 í Borgarfirði. Ökumaður var einn í bifreiðinni. Toyota Land Cruiser var á sama tíma ekið til suðurs. Auk ökumanns var einn farþegi í framsæti bifreiðarinnar.

Skammt norðan við Hraunsnef, sem er um 3,7 km fyrir norðan Bifröst, var Mercedes Benz bifreiðinni ekið yfir á gagnstæðan vegarhelming og framan á Toyota bifreiðina. Ökumaður Mercedes Benz bifreiðarinnar lést á slyssað. Ökumaður og farþegi í Toyota bifreiðinni slösuðust alvarlega og voru flutt með þyrlu á sjúkrahús í Reykjavík.

Að sögn vitna hafði Mercedes Benz bifreiðinni verið ekið greitt og tekið fram úr bifreiðum, skömmu fyrir slysið, yfir óbrotna línu milli akreina. Ökumaður Toyota bifreiðarinnar kvaðst ekki hafa veitt Mercedes Benz bifreiðinni athygli fyrr en rétt fyrir slysið og ekki haft svigrúm til þess bregðast við áður en Mercedes Benz bifreiðin skall á bifreið hans.

Slysið var tilkynnt til lögreglu kl. 20:46 og viðbragðsaðilar fóru á vettvang. Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar tilkynnti Rannsóknarnefnd samgönguslysa um slysið kl. 21:03.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af slyssað sem sýnir akstursáttir bifreiðanna og staðsetningu þeirra eftir slysið.

1.4 Áverkar

Ökumaður Mercedes Benz fólksbifreiðarinnar lést á slyssað af völdum fjöláverka. Hann var spenntur í öryggisbelti. Bílbelti ökumanns var spennt undir vinstri handlegg. Ökumaður og farþegi Toyota bifreiðarinnar voru spenntir í öryggisbelti. Þeir voru fluttir alvarlega slasaðir á sjúkrahús með þyrlu Landhelgisgæslunnar.

1.5 Ökutækin

Báðar bifreiðarnar voru teknar til bíltæknirannsókna.

Mercedes Benz CLK 230 fólksbifreið

Mercedes Benz bifreiðin var tveggja dyra og bensínknúin með afturhjóladrifi. Nýskráning var í febrúar 1998. Bifreiðin átti næstu aðalskoðun í janúar 2025 og var með gilda skoðun þegar slysið átti sér stað. Eigin þyngd bifreiðarinnar var 1450 kg og leyfð heildarþyngd 1850 kg. Breidd bifreiðarinnar var 1,72 metrar og lengd 4,57 metrar. Bifreiðin var á sumarhjólbörðum með góðu mynstri en innri kantur framhjólabarða var slitinn inn í striga. Notkunarflokkur var almenn notkun. Ekki var hægt að lesa árekstrargögn úr loftpúðatölvu bifreiðarinnar.

Toyota Land Cruiser 150 fólksbifreið

Toyota bifreiðin var fimm dyra, díselknúin. Nýskráning var í desember 2016. Bifreiðin átti næstu aðalskoðun í október 2025 og var með gilda skoðun þegar slysið átti sér stað. Eigin þyngd bifreiðarinnar var 2258 kg og leyfð heildarþyngd var 2990 kg. Breidd bifreiðarinnar var 1,89 metrar og lengd 4,78 metrar. Bifreiðin var á heilsárshjólbörðum. Árekstrargögn, þar á meðal hraði bifreiðarinnar, voru lesin úr loftpúðatölvu við bíltæknirannsókn.

1.6 Ökuhraði**Ökuhraði Mercedes Benz bifreiðarinnar**

Ekki var unnt að lesa úr loftpúðatölvu bifreiðarinnar sökum aldurs hennar eða greina hraða bifreiðarinnar frá öðrum gögnum.

Ökuhraði Toyota bifreiðarinnar

Samkvæmt loftpúðatölvu bifreiðarinnar var henni ekið á 88 km/klst hraða þegar áreksturinn varð.

1.7 Vegur og umhverfi

Vegurinn þar sem slysið varð var með eina akrein í hvora átt. Hámarkshraði á veginum var 90 km/klst. Eftir miðju vegarins var brotin lína. Óbrotin kantlína var beggja vegna akbrautarinnar sem markaði þann hluta akbrautarinnar sem ætlaður var ökutækjum.

Heildarbreidd slitlags var 7,4 metrar. Eystri akrein var 3,6 metrar á breidd með 1,0 metra breiðri vegöxl og vestari akrein var 3,8 metrar með 1,5 metra breiðri vegöxl. Vegaxlir voru ekki með bundnu slitlagi. Heildarbreidd vegarins var 9,9 metrar.

Vegurinn var þurr þegar slysið varð. Hiti var um 12°C og hægur vindur.

1.8 Áfengis- og lyfjarannsókn

Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknar á ökumanni Mercedes Benz bifreiðarinnar var jákvæð. Mikið magn fíkniefnis greindist í blóði hans. Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknar á ökumanni Toyota bifreiðarinnar var neikvæð.

2. Niðurstöður

2.1 Meginorsök slyssins

Ökumaður Mercedes Benz bifreiðarinnar var óhæfur til þess að stjórna ökutæki vegna áhrifa fíkniefnis.

Mikið magn fíkniefnis mældist í blóði ökumanns Mercedes Benz bifreiðarinnar.

2.2 Aðrar orsakir slyssins

Mercedes Benz bifreiðinni var ekið yfir á vinstri vegarhelming og framan á bifreið sem ekið var úr gagnstæðri átt.

Ökumaður Mercedes Benz bifreiðarinnar ók yfir á vinstri vegarhelming án þess að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu gagnvart annarri umferð. Ökumaður Toyota bifreiðarinnar sá ekki Mercedes Benz bifreiðina fyrir en hún kom á móti honum rétt fyrir slysið.

3. Mikilvægar ábendingar

Akstur undir áhrifum áfengis, lyfja og vímuefna

Akstur undir áhrifum áfengis, vímuefna og lyfja er alvarlegt vandamál í umferðinni. Af tuttugu og sjö banaslysum í umferðinni árin 2021-2023 voru ökumenn í sjö slysum undir áhrifum ólöglegra fíkniefna, lyfja eða áfengis. Slíkt hefur áhrif á dómgreind ökumanna og skynjun þeirra á umhverfið. Viðbragð, hreyfistjórnun og rökvísi skerðast og líkur á alvarlegu slysi aukast.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa ítrekar fyrri ábendingar um akstur undir áhrifum fíkniefna, áfengis og sljógandi lyfja. Nauðsynlegt er að koma þeim skilaboðum á framfæri við ökumenn að þeir aki ekki undir neinum kringumstæðum eftir slíka neyslu.



Skýrsluna samþykktu til útgáfu:

Guðmundur Freyr Úlfarsson
Geirprúður Alfreðsdóttir
Guðrún Nína Petersen
Áslaug Árnadóttir
Guðrún María Svavarsdóttir

Reykjavík, 26. ágúst 2025

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Stjórnandi rannsóknarinnar

Björgvin Þ. Guðnason